

**628. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
Þriðjudaginn 23. janúar 2024
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Lilja Magnúsdóttir (LM), Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Aðalfulltrúarnir Guðlaugur Jónsson og Jón Ingi Jónsson boðuðu forföll og því sat varafulltrúinn Magnús Óskar Hálfðánsson fundinn. Aðrir varafulltrúar höfðu ekki tæk á því að mæta til fundar.

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 628 lögmætan.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2039 - 1809041

Skipulagsnefnd hefur samþykkt tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2019-2039 og leggur til við sveitarstjórn að tillagan og umhverfisskýrsla verði auglýst skv. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál frá 15. fundi Skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 16.01.2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að endurskoðuðu Aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2019-2039 verði auglýst samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2. Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði - 2110138

Skipulagsnefnd hefur samþykkt tillögu að deiliskipulagi stofnana- og íþróttasvæðis og leggur til við sveitarstjórn að tillagan verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál frá 15. fundi Skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 16.01.2024.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að deiliskipulagi stofnana- og íþróttasvæðis verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Fjöldahjálparstöð á Tálknafirði - 2401074

Tillaga að samkomulagi um afnot Rauða krossins af fjöldahjálparstöð í íþróttahúsinu á Tálknafirði lögð fram til staðfestingar.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir samhljóða samkomulag um afnot Rauða krossins af fjöldahjálparstöð í íþróttahúsinu á Tálknafirði og felur sveitarstjóra að rita undir það fyrir hönd sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn hvetur íbúa Tálknafjarðar til að gefa kost á sér til þátttöku í mikilvægu sjálfboðaliðastarfi Rauða krossins.

4. Skipulagsnefnd - 15 - 2401002F

Fundargerð 15. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 16.01.2024.

Fundargerðin er staðfest.

4.1 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2039

4.2 2110138 - Deiliskipulag, stofnana- og íþróttasvæði

5. Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði - 2310149

Undirritaður samningur Tálknafjarðarhrepps, Vesturbyggðar og Fjölbrautaskóla Snæfellinga dags. 17.01.2024 um rekstur framhaldsdeildar á Patreksfirði.

Mál áður á dagskrá á 621. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 24.10.2024.

Lagt fram.

6. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2401042

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 10.01.2024 þar sem boðað er til XXXIX. landsþings sambandsins sem fer fram í Reykjavík 14.03.2024.

Lagt fram.

7. Lántaka 2023 - 2311108

Undirritaður lánasamningur Tálknafjarðarhrepps við Lánasjóð sveitarfélaga nr. 2312-64.

Lagt fram.

8. Starfsemi Nordic Fish Leather ehf. - 2401072

Erindi frá Nordic Fish Leather ehf. dags. 15.01.2024 varðandi fyrirhugaða starfsemi fyrirtækisins á Tálknafirði.

Lagt fram.

Sveitarstjórn fagnar komu nýrra atvinnutækifæra í sveitarfélagið og býður Nordic Fish Leather ehf. velkomið til Tálknafjarðar.

9. Viðbygging fyrir verknámsaðstöðu við Menntaskólann á Ísafirði - 2401081

Erindi frá Vestfjarðastofu dags. 11.01.2024 varðandi aðkomu sveitarfélaga á Vestfjörðum að byggingu verknámshúss við Menntaskólann á Ísafirði.

Lagt fram.

10. Gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða 2024 - 2401076

Erindi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða dags. 19.01.2024 varðandi gjaldskrá ársins 2024 og breytingar á fyrirkomulagi gjaldtöku.

Lagt fram.

11. Vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur - 2401039

Erindi frá innviðaráðherra dags. 09.01.2024 varðandi dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Reykjavíkurborgar á hendur íslenska ríkinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Lagt fram.

12. Frumvarp til laga um lagareldi - 2312030

Sameiginleg umsögn Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar dags. 10.09.2024 um frumvarp til laga um lagareldi, mál nr. 253/2023.

Mál frá 624. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.12.2023.

Lagt fram.

13. Áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. - 2401054

Erindi frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu dags. 12.01.2024 þar sem kynnt eru áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, mál nr. 6/2024. Boð um umsögn er sent til hagsmunaaðila.

Lagt fram.

14. Af hverju orkuskipti, málþing um loftslags- og orkuskiptaáætlanir sveitarfélaga - 2401073

Kynning á málþingi um loftslags- og orkuskiptaáætlanir sveitarfélaga undir yfirskriftinni "Af hverju orkuskipti?" sem fer fram á vegum Vestfjarðastofu og Recet á Ísafirði 08.02.2024.

Lagt fram.

15. VÁ! félagasamtök - 2401015

Erindi frá VÁ! félagasamtökum dags. 05.01.2024 þar sem boðað er til viðburðar í Gamla bíói í Reykjavík 08.02.2024.

Lagt fram.

16. Undirbúningsstjórn vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2312027

Fundargerð 3. fundar undirbúningsstjórnar vegna sameiningar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 10.01.2024.

Lagt fram.

17. Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2308029

Fundargerð 69. fundar Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 11.01.2024.

Lagt fram.

18. Fundargerðir 2023 Vestfjarðastofa - 2302080

628. fundur
24.01.2024

Fundargerðir funda stjórnar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga nr. 55 sem fór fram 30.08.2023, nr. 56. sem fór fram 27.09.2023 og nr. 57. sem fór fram 17.11.2023.

Lagt fram.

19. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2401079

Fundargerð 941. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 12.01.2024.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Magnús Óskar Hálfðásson (MÓH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)